

Samgöngunefnd
Alþingi
150 Reykjavík

B.t. Ingvars Þórs Sigurðssonar, nefndarritara

7. desember 2005

Óvissuástand um framkvæmd fjarskiptalaga

Vegna fyrirspurnar Hjálmars Árnasonar, varaformans Samgöngunefndar, á fundi hennar með undirrituðum og Ragnari Aðalsteinssyni, lögmanni IP fjarskipta (Hive) s.l. föstudag, vilja IP fjarskipti koma eftirfarandi á framfæri til nefndarinnar.

Óvissuástand hefur ríkt um nokkurt skeið vegna framkvæmdar á fjarskiptalögum nr. 81/2003 sem tóku gildi þann 25. júlí 2003. Þetta óvissuástand hefur skapast vegna tafa við framvindu markaðsgreiningar Póst- og fjarskiptastofnunar á þeim 18 mörkuðum sem kveðið er á um að stofnunni beri að greina í þeim tilgangi að meta hvort samkeppni sé virk.

Allt virðist stefna í að það muni taka Póst- og fjarskiptastofnun 3-4 ár frá setningu laganna að klára umrædda markaðsgreiningu. Á meðan ríkir óvissuástand sem setur í uppnám þorra skilgreindra verkefna Póst- og fjarskiptastofnunar skv. 3.gr. laga nr. 69/2003 um stofnunina, sérstaklega á þeim mörkuðum þar sem þróunin hefur verið ör og mest þörf á að stofnunin nái að fylgja á eftir og beita sér. Á meðan er eðlilegri samkeppni á fjarskiptamarkaði stefnt í uppnám og aðstæður skapaðar þar sem ráðandi fyrirtæki hagnast á að misbeita markaðslegum styrk sínum.

Það er í þessu umhverfi sem nýjir eigendur taka við Símanum, samruni leiðandi fjölmiðla- og símafyrirtækja á sér stað auk umfangsmestu tækniþýtingar sem lengi hefur átt sér stað í fjarskiptageiranum, samruni internet-, sjónvarps og símataækni. Forsvarsmenn IP fjarskipta hafa af þessu þungar áhyggjur og telja að stórnvöld ættu að rýmka heimildir Póst- og fjarskiptastofnunar til þess að framfylgja lögboðnu eftirlitshlutverki sínu í stað þess að stofnunin sé sett á hliðarlínuna vegna óheppilegrar lagasetningar og drekkt í akademískum verkefnum.

Það er mat IP fjarskipta, að ef ekkert er að gert, muni fákeppni á fjarskiptamarkaði festast í sessi og valda því að verðlag á fjarskiptþjónustu hækki neytendum og fyrirtækjum landsins til tjóns.

Forsaga og umfjöllun

Í V. kafla fjarskiptalaga 81/2003 segir:

■ **16. gr. Skilgreining markaða.**

□ Póst- og fjarskiptastofnun skal skilgreina þjónustu- eða vörumarkaði og landfræðilega markaði í samræmi við meginreglur samkeppnisréttar og skuldbindingar samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Haft skal samráð við Samkeppnisstofnun þegar við á.

Í tilmælum ESA hafa 18 markaðir verið skilgreindir fyrirfram. Þeir eru:



Tæknir	Markaðsstig	Markaðir
Fastanet	Smásala	1. Aðgangur að almennu talsímaneti fyrir heimili ¹² 2. Aðgangur að almennu talsímaneti fyrir fyrirtæki ¹³ 3. Almenn innanlands talsímabjónusta á fastaneti fyrir heimili ¹⁴ 4. Almenn millilanda talsímabjónusta á fastaneti fyrir heimili ¹⁵ 5. Almenn innanlands talsímabjónusta á fastaneti fyrir fyrirtæki ¹⁶ 6. Almenn millilanda talsímabjónusta á fastaneti fyrir fyrirtæki ¹⁷ 7. Lágmarksframboð af leigulínum ¹⁸
	Heildsala	8. Upphaf samtala í fastaneti ¹⁹ 9. Lúkning samtala í einstökum fastanetum ²⁰ 10. Flutningur um fastanetið ²¹ 11. Aðgangur að heintaugum (þ.m.t. skiptur aðgangur) ²² 12. Bitastraums aðgangur fyrir breiðbandsþjónustu ²³ 13. Lúkning á leigulínum ²⁴ 14. Stofnlínuhluti leigulínu ²⁵ 15. Aðgangur og upphaf samtala í almennum farsímanetum ²⁶ 16. Lúkning samtala í einstökum farsímanetum ²⁷ 17. Innanlandsmarkaður fyrir alþjóðlegt reiki ²⁸
Farsímar	Heildsala	15. Aðgangur og upphaf samtala í almennum farsímanetum ²⁶ 16. Lúkning samtala í einstökum farsímanetum ²⁷ 17. Innanlandsmarkaður fyrir alþjóðlegt reiki ²⁸
Útvarp	Heildsala	18. Útvarpsdreifikerfi og -þjónusta ²⁹

Ennfremur segir í 81/2003

17. gr. Framkvæmd markaðsgreiningar.


Þóst- og fjarskiptastofnun skal með hliðsjón af 16. gr. greina viðkomandi markaði með hliðsjón af skuldbindingum samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Þegar við á skal gera greininguna í samstarfi við Samkeppnisstofnun.

Markaðsgreiningin skal vera grundvöllur ákvörðunar um hvort Þóst- og fjarskiptastofnun skuli leggja á, viðhalda, breyta eða fella niður kvaðir á fyrirtæki með [umtalsverðan markaðsstyrk]¹⁾ skv. 18. gr. Ef samkeppni telst virk skulu ekki lagðar kvaðir á fyrirtæki á þeim mörkuðum. Ef virk samkeppni ríkir ekki á viðkomandi markaði skal útnefna fyrirtæki með [umtalsverðan markaðsstyrk]¹⁾ á þeim markaði í samræmi við 18. gr. Leggja má á þau kvaðir samkvæmt lögum þessum eða viðhalda eða breyta kvöðum sem þegar hafa verið lagðar á.

18. gr. [Umtalsverður markaðsstyrkur.]¹⁾


Fyrirtæki telst hafa [umtalsverðan markaðsstyrk]¹⁾ ef það eitt sér eða með öðrum hefur þann efnahagslega styrkleika á ákveðnum markaði að geta hindrað virka samkeppni og það getur að verulega leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Þegar fyrirtæki eitt sér eða með öðrum hefur [umtalsverðan markaðsstyrk]¹⁾ á tilteknum markaði getur það einnig talist hafa [umtalsverðan markaðsstyrk]¹⁾ á tengdum markaði ef tengsl milli markaðanna eru slík að fyrirtæki getur beitt markaðsstyrk sínum á öðrum markaðinum til að auka markaðsstyrk sinn á



Að mati IP fjarskipta er þetta ástand mjög alvarlegt og alls kostar óviðunandi, jafnt fyrir neytendur sem og fyrirtæki sem vilja hasla sér völl á fjarskiptamarkaði. Í reynd þýðir þetta fyrir IP fjarskipti að umkvörtunarefni það sem félagið bar undir Póst- og fjarskiptastofnun í apríl s.l. mun þurfa að bíða í meir en eitt ár áður en stofnunin telur sig hafa forsendur til þess að meta umkvörtunarefnið á grundvelli markaðsgreiningar.

Fyrirhönd IP fjarskipta ehf.



Arnþór Halldórsson
framkvæmdastjóri